

AÐFANGAKEÐJUR OG NÚVERANDI OG FRAMTÍÐARÁHRIF ÞEIRRA Á VINNUVERND

Aðfangakeðjan og ný snið hennar skapar meiriháttar áskoranir fyrir stjórnun og reglusetningu í þágu vinnuverndar starfsmanna, bæði hvað varðar núverandi starfshætti og störf framtíðarinnar. En þetta rekstrarfyrirkomulag og þau sambönd sem stýra því sýna okkur líka möguleg tækifæri til bættrar stjórnunar og stuðnings við vinnuvernd í nýjum sviðsmyndum sem einkenna vinnumhverfi framtíðarinnar í auknum mæli. Þessi grein byggir á nýlegum rannsóknarniðurstöðum og skoðar áskoranir og tækifæri á sviði vinnuverndar út frá hlutverki aðfangakeðjunnar, bæði nú og til framtíðar.

Inngangur

Stór hluti aukningar í alþjóðlegum viðskiptum síðastliðna áratugi hefur verið vöxtur aðfangasambanda á milli landa, aðallega á milli vestrænna fjölþjóðafyrirtækja og birgðasala í þróunarlöndum. Þessum vexti, hefur á móti, oft fylgt þróun í löndum í átt að útvistun á bæði „jaðar-“ og „kjarna-“ starfsemi til utanaðkomandi þjónustuveitenda, bæði hjá opinberum og einkaaðilum. Þessi þróun hefur leitt til þess að lóðrétt aðfangasambönd á milli kaupenda og seljenda hafa aukist að mikilvægi bæði innan og á milli landa þegar kemur að því að ákvarða vinnuaðstæður bæði við framleiðslu og þjónustu. Því hafa þau umbylt þeim efnahagsaðstæðum þar sem fylgni við vinnuverndarreglur og staðla á sér stað. Þar af leiðandi hafa þau verulega aukið að hvaða marki vinnuaðstæður, þar á meðal vinnuvernd, mótast af fjárhagslegum og öðrum viðskiptalegum hreyfingum innan aðfangakeðja á milli fyrirtækja. Auk þess er viðurkennt að þessar breytingar hafa skapað erfiðari aðstæður fyrir hefðbundnar leiðir til að tryggja fylgni við vinnuvernd, einkum hjá fyrirtækum á berskjölduðum stöðum á aðfangakeðjuendum (EU-OSHA, 2012).

Í þessari ritgerð velta höfundarnir fyrir sér áhrifum þessara þátta á vinnuvernd og hvað geti og þurfi að gera til að taka á þeim í tengslum við bæði innlendar og alþjóðlegar aðfangakeðjur. Ritgerðin hefst með því að setja spurningar við nokkrar af þeim ályktunum, sem eru til staðar um stjórnun aðfangakeðja, til að mynda hugmyndina um áhrif neytenda á framleiðslu og þjónustu hafi jákvæð áhrif á vinnuaðstæður í aðfangakeðjum. Hún skoðar mismunandi eiginleika sambanda á milli fyrirtækjakaupenda og þjónustuaðila og þá þætti sem hafa áhrif á þá í viðkomandi sambandi. Hún skoðar síðan vísbendingar um hvernig þessi sambönd hafa áhrif á vinnuvernd. Árangur núverandi stefna til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra er kannaður.

Ritgerðin fer svo yfir í að lýsa líklegum framtíðaráhrifum á hlutverk aðfangakeðja. Þar á meðal með því að velta fyrir sér hvernig ný viðskiptalíkön kunni að hafa áhrif á mikilvægi aðfangakeðjusambanda fyrir vinnuvernd. Hún bendir á vaxandi þörf á því að taka á mikilvægi laga og reglna fyrir aukningu á útvistun bæði innanlands og um allan heim.

Ritgerðinni lýkur svo með því að fjalla um hvað virki til að tryggja bættu fylgni við heilbrigðis- og öryggisstaðla innan aðfangakeðjunnar og spyr spurninga um hönnun á framtíðarstefnum og aðferðum á þessu sviði til að stuðla að reglufylgni. Höfundarnir halda því fram að hagsmunaaðilar í heild þurfi að styðja við valfrjáls verkefni innan aðfangakeðjunnar, líkt og verkefni á sviði samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja, í því skyni að stuðla að löggjöf og sameiginlegri stjórnun með aðilum vinnumarkaðarins og kalla á breytingar með skýrum hætti á þeim samkeppnisháttum og efnahagsforsendum sem liggja að baki starfsemi í aðfangakeðjum.

Breytilegt eðli aðfangasambanda

Blanda af nútímalegum hugmyndum um áhrif markaðarins á val neytenda og samfélagslega ábyrgð stórfyrirtækja bendir til að þrýstingur á eftirspurn í gegnum aðfangakeðjur geti bætt vinnuaðstæður, þar á meðal vinnuvernd. Þó að slíkt gerist í tilteknum aðstæðum hefur verið sýnt fram á að viðskiptalegt eðli

aðfangakeðja, efnahagshvatarnir að baki þeim og samböndin innan þeirra séu öll mjög breytileg. Það hefur sýnt sig að dýnamík þeirra endurspeglar fjölmarga og flókna áhrifaþætti sem stuðla alls ekki allir að jákvæðum áhrifum markaðarins á stjórnun vinnuverndar.

Lengi hefur verið viðurkennt að verulegur munur er á því hversu nán aðfangasambönd eru og er almennt greint á milli gagnkvæmra sambanda með ríkt samstarf á öðrum endanum og fjarrænna, markaðsbyggðra viðskipta á hinum endanum. Þessi munur endurspeglar að hluta margbreytileika þeirra vara, sem kaupendur eru á höttunum eftir ⁽¹⁾, og þau tilteknu markmið sem þeir eru að vinna að (Gereffi et al., 2005). Til dæmis benda upplýsingar (Cousins og Lawson, 2007) til þess að þar sem vörur eru mjög flóknar og reglustig lágt eru kaupendur líklegri til þess að mynda nánari sambönd við samstarfsaðila sína. Þar sem hið gagnstæða er málið er líklegt að viðskiptin séu fjarrænari. Þessar upplýsingar benda einnig til þess að leitast sé eftir nánari samböndum þar sem vörurnar, sem keyptar eru, hafa mikla þýðingu. Í samanburði skapar áhersla á sparnað hjá þýðingarminni vörum og þjónustu losaralegri sambönd á milli kaupenda og þjónustuveitenda.

Vísbendingar eru um að því nánari sem aðfangasamböndin eru því líklegri er að þau stuðli að jákvæðum áhrifum á vinnuvernd. Frekari vísbendingar benda til þess að munurinn á fjárhagslegu bolmagni á milli kaupenda og seljenda geti verið verulegur og þar af leiðandi einnig hversu háðir þeir eru hvor öðrum en það hefur mikilvæg áhrif á eðli og dýnamík aðfangasambandsins (Walters og James, 2011). Til dæmis eru smærri og áhrifaminni söluaðilar líklegri til að láta kostnað og eftirspurn hafa áhrif á vinnuvernd en geta þeirra á sama tíma til að vinna gegn neikvæðum áhrifum hennar er minni (EU-OSHA, 2016).

Einnig eru vísbendingar um að menning og stofnanakerfi hafi áhrif á aðfangasambönd í reynd. Einkum hafa rannsakendur bent mun á milli landa þegar kemur að því að stuðla að samstarfi svo ekki sé minnst á samkeppnissambönd á milli kaupenda og seljenda (sjá til dæmis Sako, 1992, um muninn á milli Bretlands og Japans). Því getur verið að sum markaðssvæði hafi mun jákvæðari áhrif á vinnuvernd en önnur (Walters og James, 2011). Aðrar rannsóknir hafa bent á munurinn á stefnu fyrirtækja þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð tengist muni á viðskiptaumhverfi heimalanda þeirra. Þær undirstrika líka hvernig tilvist eða fjarvist hamlandi staðbundinna laga og reglna og menningar í þágu vinnuverndar hefur áhrif á sambönd á milli vestrænna fjölþjóðlegra fyrirtækja og þjónustuaðila í þróunarlöndunum.

Því eru góðar ástæður til að halda því fram að aðfangakeðjur hafi almennt neikvæð áhrif á vinnuaðstæður og vinnuverndarstaðla á vinnustöðum. Það á einkum við þegar haft er í huga að vaxandi mikilvægi utanaðkomandi þjónustuaðila endurspeglar núverandi þróun í viðskiptum og nýfrjálshyggjustefnu sem heldur því fram að slíkt leiði óhjákvæmilega til viðskiptalegs ávinnings. Því eru spurningar um kostnað og gæði stór þáttur í þeirri ákvarðanatöku sem mótar eðli og notkun aðfangakeðja. Að því sögðu má halda því fram að ákvörðunum um útvistun fylgi allt of oft neikvæð frekar en jákvæð áhrif á vinnuhætti. Aukinheldur virðist líklegt að aðfangakeðjusambönd muni halda áfram að hafa mikilvæg áhrif á vinnuvernd í framtíðinni þó að ávallt beri að sýna varúð við spár um framtíðarþróun í viðskiptum. Því munum við næst snúa okkur að því að sýna fram á þekkt áhrif þeirra á vinnuaðstæður og vinnuvernd.

Vinnuverndaráhrif aðfangakeðja

Alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum útvistunar, bæði þegar kemur að aðfangasamböndum á milli landa og í tengslum við vaxandi mun á milli kjarna- og jaðarstarfsemi fyrirtækja, hafa í nokkurn tíma leitt til óvenjulega mótsagnalausra niðurstaðna. Gögn í verulegu magni og yfir langt tímabil undirstrika að breytingar á vinnuháttum, sem almennt hafa átt sér stað vegna aðfangakeðjuáhrifa, tengjast fjölbreyttum neikvæðum áhrifum á öryggi og heilbrigði og heilsufarstengda þætti. Þar á meðal má nefna aukinn fjölda slysa og dauðsfalla hjá litlum fyrirtækjum á endum aðfangakeðjunnar og aukna tíðni hjarta- og æðasjúkdóma, kulnunar í starfi og þunglyndis (Quinlan et al., 2001; Benach et al., 2002; Ferrie et al., 2002; Quinlan og Bohle, 2008). Þessar breytingar á starfsháttum hafa meðal annars leitt til aukins óöryggis í starfi, lægri launa, minna aðgengis að þjálfun starfsmanna í hættustörfum og minni stjórnar á vinnutíma (sjá til dæmis Aronsson et al., 2002; Bohle et al., 2004). En það, eins og margoft hefur verið bent á, leiðir til slæmra vinnuaðstæðna og vinnuverndar hjá starfsmönnum í óbeinu eða ótryggu

¹ Til dæmis kann að vera gert ráð fyrir þjónustu eftir sölu á vöru hjá flóknum vörum en slíkt leiðir til og krefst nánara sambands á milli kaupenda og söluaðila.

ráðningarsambandi í bæði þróuðum og vanþróuðum löndum (sjá til dæmis Walters et al., 2020 Lahari-Dutt, 2017). Einnig er almennt viðurkennt að þeir launþegar, sem mest verða fyrir slíkri ójafnri áhættudreifingu, eru oftast þeir sem eru á lægri stigum aðfangakeðjunnar því þeir eru svo langt í burtu frá stórum og völdugum rekstraraðilum sem stýra viðskiptasamböndum innan hennar (EU-OSHA, 2016).

Til dæmis finnst oft slíkur ójöfnuður meðal ör- og smáfyrirtækja á endum langra og flókinna viðskiptakeðja þar sem þau hafa lítil áhrif á hliðræna ákvörðunartöku og fá úrræði fyrir fyrirbyggjandi vinnuvernd. Því skal engan undra að áhættan á dauðsföllum og heilsubresti meðal þeirra er í ósamræmi við verð og eftirspurn kaupenda með fjárhagslega meira bolmagn (EU-OSHA, 2016, 2018). Það er heldur ekki óvænt að sömu rannsóknir hafa sýnt fram á að þessi ör- og smáfyrirtæki beita „vafasömum“ leiðum við að tryggja reksturinn sem auka áhættu launþega þeirra í slíkum aðstæðum og oft tvinnast slíkt saman við staðsetningu fyrirtækjanna og skort á eftirliti.

Atvinnugreinaupplýsingar styðja enn frekar við þessar niðurstöður en fjölmargar rannsóknir hafa, til dæmis, sýnt fram á að víðfeðm notkun undirverktaka og vanþróaðir stjórnunarhættir í byggingariðnaði hefur mikil áhrif á slysatíðni og líkamstjón sem þeim tengjast. Einkum hefur verið sýnt fram á að fjárhagslegur þrýstingur og tímapressa á undirverktaka, minna eftirlit og upplýsingar til og þjálfun starfsmanna undirverktaka og vandamál við samhæfingu á starfsemi undirverktaka séu mikilvægir þættir með neikvæð áhrif á heilbrigði og öryggi og almennt á vinnuaðstæður (Johnstone et al., 2001; Weil, 2014). Að sama skapi hafa rannsóknir á matvælaframleiðslu og -vinnslu sýnt fram á hvernig þættir í aðfangakeðjunni geta skapað vinnuumhverfi sem eykur áhættu fyrir heilbrigði og öryggi launþega (Wright og Lund, 2003). Einkum hafa þær sýnt fram á hvernig eftirspurn stórra og völdugra kaupenda leiðir til aukningar á fjölda ófélagsbundinna launþega og útsendrar vinnu, óstöðugs vinnumynsturs, vinnutíma og aukins vinnuálags (James og Lloyd, 2008). Slíkar niðurstöður koma einnig fram í rannsóknum á textíl- og fataiðnaðinum, í flutningageiranum og nánast öllum atvinnugreinum sem hafa verið rannsakaðar.

Ef við snúum okkur á alþjóðlegum áhrifum aðfangakeðja á vinnuvernd sýnir framreikningur á samantekinni tölfræði, þrátt fyrir að upplýsingar séu af skornum skammti, einkum vegna vandamála við söfnun á og áreiðanleika upplýsinga frá mörgum löndum, að vinnuvernd sé einnig verulegt vandamál í alþjóðlegum aðfangakeðjum. Það er almennt viðurkennt að almenn byrði af fyrirbyggjanlegum, alvarlegum vinnuslysum, dauðsföllum, heilsufarsbresti og ótímabærum dauðsföllum sé hlutfallslega hærri í þróunarlöndum en þróaðri hagkerfum. Áætlanir benda til að 5-7 % dauðsfalla um allan heim megi rekja til vinnutengdra sjúkdóma og -slysa (ILO, 2006). Takala et al. (2012) tóku saman yfirlit yfir upplýsingar um atvinnu og vinnuslys og dauðsföll með því að nota opinberar upplýsingar og tilkynningar um vinnutengda sjúkdóma. Þau áætluðu að á hverju ári mætti rekja 2,3 milljónir dauðsfalla um allan heim til vinnu fólks og meirihluti þeirra, 2,0 milljónir, væri vegna vinnusjúkdóma (sjá einnig Takala, 2015; EU-OSHA, 2019). Annað rit Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar áætlað yfir 313 milljón vinnuslys (með að minnsta kosti 4 daga fjarveru), sem ekki leiddu til dauða, árið 2010 og yfir 666.000 dauðsföll af völdum vinnutengds krabbameins, og aftur er byrðin hlutfallslega mun meiri í þróunarlöndum (Nenonen et al., 2014). Þar sem Alþjóðavinnuálagstofnunin hefur einnig áætlað að yfir 20 % framleiðslu í heiminum tengist alþjóðlegum aðfangakeðjum bendir það til að verulegt hlutfall alþjóðlegrar byrði af vinnutengdum sjúkdómum og meiðslum sé líklega af völdum lélegrar vinnuverndar í þessum keðjum (ILO, 2015). Slík samantekin rök eru einnig stutt af þeim fjölmörgu dæmum af slæmum vinnuaðstæðum og vinnuvernd á vinnustöðum í þróunarlöndum á aðfangakeðjuendum þar sem stór nöfn á vestrænum neytendamörkuðum ráða lögum og lofum. Þar á meðal má nefna stóra verksmiðjubruna á árunum 2010 til 2019 í Bangladess og Pakistan hjá Rana Plaza, Tazreen Fashions og Ali Enterprises, sem í sameiningu leiddu til yfir 1.500 banaslysa og mun fleiri slasaðra einstaklinga (Reinecke et al., 2019). Þeirra á meðal má einnig nefna fréttir af vinnu í miklu hitastigi, útsetningu fyrir eitruðum efnum og öðrum hræðilegum vinnuaðstæðum, til dæmis í Hansae Vietnam fataverksmiðjunni fyrir ekki svo löngu.

Á sama tíma eru vísbendingar um bættar aðstæður vegna áhrifa sambanda í aðfangakeðjunni áberandi mun takmarkaðri. Þrátt fyrir það hafa, eins og við bendum á að neðan, íhlutanir í sumum tilvikum hjálpað til við að draga úr mismun á útsetningu fyrir áhættu og neikvæðum áhrifum útvistunar og tengdra viðskiptahátta á vinnuvernd. Helsta vandamálið er auðvitað að komast að því hvaða aðstæður hafa stuðlað að slíkum jákvæðum áhrifum og hvernig megi stuðla enn frekar að þeim í framtíðinni.

Jákvæð áhrif og vandamál stjórnunar á aðfangakeðjum í nútíð og framtíð

Það hefur lengi verið viðurkennt meðal eftirlitsaðila að breytingar á starfsháttum og stjórnun á vinnu og ráðningum krefjast fjölmargra mismunandi og nýstárlegra lausna til að tryggja fylgni við vinnuverndarstaðla. Slíkar leiðir fela í sér að færa sér „margvísleg verkfæri“ í nyt til að stuðla að úrbótum á „óhefðbundnum vinnuháttum í nýju hagkerfi“ eins og fjallað er um í stefnumarkandi ritum eftirlitsaðila í löndum eins og Danmörku, Hollandi, Finnlandi, Svíþjóð og Bretlandi (Walters, 2016). Þegar kemur að aðfangakeðjum hefur kjarni þessara leiða verið tilraunir til að mynda betra samband við stór nöfn í hagkerfinu eins og stórfyrirtæki með fjölmarga vinnustaði, stéttarfélög og samtök atvinnugreina og atvinnurekenda, tryggingafélög og stundum stéttarfélög og stuðla með þeim hætti að betri samþættingu vinnuverndar við rekstrarlíkön og ákvarðanatöku sem stuðlar nú að auknu mikilvægi vara og þjónustu frá utanaðkomandi þjónustuveitendum.

Á sama tíma hafa innlend lög og reglur um aðfangakeðjur áunnið sér hefð í sumum atvinnugreinum í Evrópu. Til dæmis hafa kröfur tilskipunarinnar um tímabundna og hreyfanlega vinnustaði haft áhrif á lagaákvæði um byggingariðnaðinn í löndum eins og Þýskalandi og Bretlandi þar sem hliðsjón er höfð af útivistun í geiranum. Svipuð ákvæði hafa verið sett í öðrum geirum eins og í fata- og skóíðnaðinum í Ástralíu (James et al., 2007). Nýlega hafa tilraunir verið gerðar til að útvíkka slíkar reglur til frekari hluta hagkerfisins, líkt og greinilega má sjá í Ástralíu. Ákvæði ástralskra vinnuverndarlaga frá 2010 (e. Work Health and Safety Act) kynntu til sögunnar rammalöggjöf um vinnuvernd í aðfangakeðjum alls hagkerfisins með því að leggja höfuðskyldur í þessum málum á stjórnendur fyrirtækja og skilgreina þá launþega, sem þessi skylda beinist að, sem alla þá einstaklinga sem framkvæma vinnu í „einhverju hlutverki“ (Johnstone, 2011).

Með því færa þau lagaskyldur umfram það sem áður þekktist í lagaramma um ráðningarsambönd. Því skyldar hún efnahagslega völduga kaupendur efst í aðfangakeðjunni til þess að viðurkenna skyldur sínar gagnvart launþegum, sem sjá þeim fyrir vörum og þjónustu, þar á meðal þeim sem vinna hjá öðrum fyrirtækjum. Þessi þróun hefur sömuleiðis ekki verið takmörkuð við lög og reglur um innlendir aðfangakeðjur. Til dæmis krefja frönsk lög frá 2017 stórfyrirtæki um að fylgjast með hugsanlegri misnotkun launþega í alþjóðlegum aðfangakeðjum þeirra. Vísbandingar eru einnig um svipaða þróun í öðrum löndum (sjá til dæmis Barbière, 2017).

Á sama tíma hefur verið gripið til fjölmargra sjálfviljugra aðgerða við stjórn á vinnuaðstæðum, þar á meðal vinnuvernd, í bæði innlendum og alþjóðlegum aðfangakeðjum. Þar má nefna VCA í Hollandi og svipað regluverk í bígerð í Þýskalandi og annars staðar í Evrópu (Walters og James, 2011). Þær ná einnig yfir aðgerðir olíustórfyrirtækja til að hafa áhrif á öryggisstaðla óháðra tankskipafyrirtækja, sem flytja vörur þeirra, (Walters and Bailey, 2013) ásamt fjölda annarra verkefna á vegum fjölmargra annarra hagsmunaaðila sem leggja áherslu á setningu reglna um vinnuaðstæður í alþjóðlegum aðfangakeðjum. Slíkar reglusetningar einkaaðila stafa reyndar oft af þrýstingi frá utanaðkomandi eftirlitsaðilum og öðrum hlutaðeigendum. Snemma á níunda áratug síðustu aldar urðu fyrirtæki eins og Nike og Gap fyrir þrýstingi frá fjöldahreyfingum gegn þrælubúðum til að bæta vinnuaðstæður í aðfangakeðjum sínum. Frá þeim tíma hafa hörmungar eins og á Rana Plana (Bangladess) dregið athyglina að viðvarandi báguum vinnuaðstæðum og skapað þrýsting á kaupendur til að grípa til aðgerða. Sum þessara verkefna hafa leitt til þess að einstök fyrirtæki hafa sett sér starfsreglur, oft sem hluti af stefnu þeirra um samfélagslega ábyrgð. Önnur eru á vegum margra hagsmunaaðila, eins og alþjóðlegir rammasetningar fyrir tiltekna atvinnugrein, sem gerðir eru á milli alþjóðlegra stéttarfélaganna og hóps fjölbjóðafyrirtækja (Croucher and Cotton, 2011).

Þrír miðlægir og samtengdir þættir hafa stuðla að þessum verkefnum: viðurkenning á því að völdugir kaupendur geti þvingað niður vinnustaðla hjá fyrirtækjum, sem þeir kaupa af, með beinum og óbeinum hætti; viðurkenning á því að þróunarlönd búi oft ekki yfir regluverki eða nægilega völdugum vinnueftirlitsstofnunum til að verjast slíkum neikvæðum áhrifum; og sú sýn að hægt sé að nota aðfangakeðjuáhrif fjölbjóðafyrirtækja til góðs frekar en ills. Því miður draga núverandi upplýsingar almennt upp fjölbreytta mynd en sem þó veldur vonbrigðum hvað varðar skilvirkni þeirra, bæði almennt (Locke, 2013) og sértækt hvað varðar heilbrigði og öryggi (Brown, 2017).

Fjölbrettir þættir hjálpa til við að útskýra þessar slæmu niðurstöður. Vert er að líta nánar á fjóra þeirra sem eru að hluta samtengdir. Einn varðar sjálfviljugt eðli verkefnanna og vafa um viðskiptalegan áhuga fjölbjóðlegra fyrirtækja á því að fylgja og framfylgja kröfum sínum og almennt verja nauðsynlegum

úrræðum í að hafa jákvæð lóðrétt áhrif í aðfangakeðjunum sínum. Annar tengist því hversu yfirborðskennd og ófullnægjandi eftirlitskerfin eru sem ætlað er að vakta framkvæmd þessara verkefna (Locke, 2013; Brown, 2017). Þriðji tengist skorti á kerfum, sem gætu beitt nauðsynlegum hliðrænum þrýstingi frá innlendu regluverki, til að styðja við fylgni við reglurnar í mörgum þróunarlöndum (Distelhorst et al., 2015). Fjórða útskýringin beinir athyglinni að því að þessum verkefnum hefur ekki tekist að hamla verðsamkeppni frá því að þvinga niður kostnaði við vinnuafli (og aðstæður) í verksmiðjum birgðasala (Anner et al., 2013; James et al., 2019): en almennt hefur komið í ljós að slíkar verðhreyfingar takmarka verulega getu verkefna fyrirtækja á sviði samfélagslegrar ábyrgðar til þess að taka á slæmum vinnuaðstæðum (sjá til dæmis Brown 2017 og 2019).

Lausn við helstu spurningum og vegurinn fram á við

Takmarkanir núverandi tilrauna til að stýra alþjóðlegum aðfangakeðjum ásamt fyrrnefndum takmörkunum innlendra aðfangakeðjuverkefna, vekja upp fjölda spurninga um leiðina fram á við í átt að úrbótum á sviði vinnuverndar. Þó að tækniþróun kunni að veita stuðning benda núverandi upplýsingar til þess að líklegt sé að eftirfarandi atriði í núverandi starfsháttum verði kjarninn í hönnun á skilvirkum íhlutunum í framtíðinni:

- setning lagalega bindandi reglna sem setur lóðréttu skyldu á kaupendur efst í aðfangakeðjum eins og frönsku lagareglurnar um áreiðanleikakönnun sem áður hefur verið minnst á;
- gerð kerfa til að vakta fylgni við þessar skyldur þar sem lögbærir eftirlitsaðilar/skoðunarmenn, sem eru fjárhagslega og skipulagslega óháðir kaupendunum, koma við sögu eins og hjá Samkomulaginu um eldsvoða og öryggi bygginga (e. Accord on Fire and Building Safety) eins og fjallað var um að neðan en slíkt er hlutverk stéttarfélaganna við vöktun á áströlskum kröfum um aðfangakeðjur í fata- og skóiðnaði (Johnstone et al., 2012);
- gerð krafna á hendur kaupendum um atriði eins og verð til birgja og tímalengd og öryggi aðfangasamninga sem draga úr samkeppnisháttum sem grafa undan sómasamlegum vinnustöðlum innan aðfangakeðja, eins og rætta var um í lok síðasta hluta;
- þátttaka sjálfstæðra stéttarfélaganna við gerð og lárétt eftirlit með verkefnunum eins og í hlutverki stéttarfélaganna í stjórnun vinnuaðstæðna við byggingu flugstöðvarbyggingar 5 á Heathrow flugvelli (Deakin and Koukiadaki, 2009) og hlutverki alþjóðlegra stéttarfélaganna við gerð alþjóðlegra rammisamninga (Croucher and Cotton, 2011).

Það mun þó reynast þrautinni þyngri að ná þessu fram bæði innanlands og alþjóðlega. Við margar kringumstæður má færa rök fyrir því að það sé ómögulegt að ná slíku fram auk þess sem slíkt fari gegn núverandi efnahagsstefnum og þeirri afregluvæðingu sem þær stuðla að. En þörfin á því að taka á þessum ójöfnuði hvað varðar þá áhættu sem breytilegur vinnuheimur hefur á launþega er áriðandi og það er augljóst að hefðbundnar aðferðir við að ná fram fylgni við lög og reglur eru ófullnægjandi auk þess sem stjórnmalalegur og viðskiptalegur raunveruleiki dagsins í dag er þeim jafnhamlandi. Þar af leiðandi er einnig ljóst að þörf er á betri skilningi á lóðréttum og hliðrænum áhrifum í aðfangakeðjum til að hægt sé að auðkenna og ná fram betri fylgni við lög og reglur og góða starfshætti.

Þrátt fyrir það eru vísbendingar um að þættirnir að ofan hafi stuðlað að árangri í reglusetningu fyrir innlendar aðfangakeðjur, eins og sjá má af lagarammanum um vinnuvernd í Ástralíu og þeim árangri sem náðst hefur í að draga úr slysum og dauðsföllum í byggingariðnaði í Evrópu. Þó að vandamálin kunni að vera stærri í alþjóðlegum aðfangakeðjum eru þar einnig að finna vísbendingar um árangur eins og í samkomulaginu um eldsvoða og öryggi bygginga frá 2013. Þetta samkomulag, sem gert var af yfir 200 alþjóðlegum vörumerkjum og tveimur alþjóðlegum stéttarfélögum eftir Rana Plaza hörmungarnar, inniheldur ekki bara ákvæði um sameiginlega stjórnun stéttarfélaganna heldur leitaðist sérstaklega við að:

- koma reglum að nokkru marki á kauphegðun kaupenda með því að leggja þeim á herðar skyldur til að fjármagna öryggisúrbætur, hætta viðskiptum við ósamvinnuþýðar verksmiðjur og gera samninga til margra ára við birgja;
- takmarka samkeppnisþrýsting með því að starfa innan atvinnugreinar frekar en sem einstakt fyrirtæki;
- styðja við að öryggisnefndum sé komið á fót, að stéttarfélög hafi áhrif á þjálfun og deilingu á skoðunarskýrslum sem gerðar eru samkvæmt samkomulaginu með fulltrúum launþega; og

- leggja samningsskyldur á kaupendur og skapa þeim þannig hugsanlega skaðabótaábyrgð að lögum.

Nýleg greining á samkomulaginu sýnir ekki bara fram á tilkomumikinn fjölda skoðana, sem framkvæmdar eru undir því, heldur einnig hvernig þær hafa náð árangri í að bera kennsl á (og leysa) mikinn fjölda annmarka á sviði rafmagns, eldvarna og öryggi bygginga í mörgum af þessum sömu verksmiðjum fyrir hönd fjölbjóðlegra kaupenda. Tvö gerðardómsmál í tengslum við samninginn undirstrikuðu enn frekar hugsanlegt hlutverk lagalegra viðurlaga við að tryggja reglufylgni kaupenda (Croucher et al., 2019). Því er því haldið fram að samkomulagið sýni fram á hvernig hægt sé að hrinda öllum framangeindum þáttum í framkvæmd að einhverju marki um allan heim (James et al., 2019).

Að lokum hefur komið í ljós, einkum í evrópsku reglusamhengi á sviði vinnuverndar, að einn þáttur er sameiginlegur flestum árangursríkum aðfangakeðjuverkefnum til að bæta fylgni við góða vinnuvernd en það er fjölbreytileiki samræmdra gerenda og aðgerða þeirra. Þær eru langt frá því að vera einhliða stefnur eins aðila, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, stéttarfélag eða eftirlitsaðili, heldur fela í sér samræmda þátttöku fjölbreyttra gerenda. Það eru þessar samræmdu aðgerðir, sem virka bæði lóðrétt og hliðrænt, sem virðast skipta mestu máli fyrir árangursríka framkvæmd og sjálfbærni aðfangakeðjuverkefna. Slíkar niðurstöður eru einnig í samræmi við víðari greiningu á öðrum reglugerðum, ekki aðeins í tengslum við vinnuvernd heldur einnig á sviði umhverfisreglna með almennari hætti (Short and Toffel, 2010; Weil, 2014).

Því þarf slík samræming og hvernig sé hægt að stuðla að henni að vera í fyrirrúmi hjá stefnumótendum í framtíðinni þegar leitast er við að nota aðfangakeðjuverkefni til að bæta vinnuvernd bæði innanlands og um allan heim. Kraftmestu skilaboðin til hagsmunaaðila, sem hafa áhuga á því að bæta vinnuvernd í framtíðinni, bæði innanlands og utan, eru að hefðbundnar aðferðir við forvarnir geti ekki tekist með skilvirkum hætti á við afleiðingar rekstrarlíkana þar sem aðfangasambönd hafa mikil áhrif á niðurstöðuna. Það er ólíklegt að slík líkön hverfi í framtíðinni. Því þurfa allir hagsmunaaðilar að móta forvarnarstefnur sínar og verkfæri að því.

Heimildir

- Anner, M., Bair, J. og Blasi, J. 2013. „Towards joint liability on global supply chains: Addressing the root causes of labour violations in international subcontracting networks“, *Comparative Labor Law and Policy Journal*, 35, 1-43.
- Aronsson, G., Gustafsson, K. og Dallner, M. 2002. „Work environment and health in different types of temporary jobs“, *European Journal of Work and Organizational Psychology*, 11(2), 151-175.
- Barbière, C. (2017), „France leads EU on duty of care requirements for multinationals“, *Euractiv*. Sótt af: <https://www.euractiv.com/section/global-europe/news/france-leads-eu-on-duty-of-care-requirements-for-multinationals/> sótt í desember 2019
- Benach, J., Amable, M., Muntaner, C. og Benavides, F. 2002. „The consequences of flexible work for health: Are we looking in the right place?“, *Journal of Epidemiology and Community Health*, 56, 405-406.
- Bohle, P., Quinlan, M., Kennedy, D. og Williamson, A. 2004. „Working hours, work–life conflict and health in precarious and permanent employment“, *Revista de Saúde Pública*, 38, 19-35.
- Brown, G. 2017. „Hansae Vietnam’s garment factory: Latest example of how corporate social responsibility has failed to protect workers“, *Journal of Occupational and Environmental Hygiene*, 14(8), 130-135.
- Brown, G. 2019. „New reports shine spotlight on underlying causes of terrible working conditions in global supply chains“, *Pump Handle*. Sótt af: <http://www.thepumphandle.org/2019/09/04/new-reports-shine-spotlight-on-underlying-causes-of-terrible-working-conditions-in-global-supply-chains/#.XekJ4VhCfX5> sótt í desember 2019
- Cousins, P. og Lawson, B. 2007. „Sourcing strategy, supplier relationships and firm performance: An empirical investigation of UK organisations“, *British Journal of Management*, 18, 123-137.
- Croucher, R og Cotton, E. 2011. *Global unions, global business: Global union federations and international business*, Libri Publishing, Farringdon.
- Croucher, R., Houssart, M., Miles, L. og James, P. 2019. „Legal sanction, international organisations and the Bangladesh Accord“, *Industrial Law Journal*, doi.org/10.1093/indlaw/dwz003
- Deakin, S. og Koukiadaki, A. 2009. „Governance processes, labour-management partnership and employee voice in the construction of Heathrow Terminal 5“, *Industrial Law Journal*, 38(4), 365-389.
- Distelhorst, G., Locke, R., Pal, T. og Samel, H. 2015. „Production goes global, compliance stays local: Private regulation in the global electronics industry“, *Regulation & Governance*, 9(3), 224-242.
- EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu. 2012. *Efling vinnuverndar í virðis_keðjunni*. Í boði á: <https://osha.europa.eu/is/publications/promoting-occupational-safety-and-health-through-supply-chain/view>
- EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu. 2016. Samhengi og fyrirkomulag varðandi vinnuvernd hjá örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum innan ESB – SESAME verkefni. Available at: <https://osha.europa.eu/is/publications/contexts-and-arrangements-occupational-safety-and-health-micro-and-small-enterprises-eu/view>
- EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu. 2018. *Öryggi og heilbrigði í ör- og smáfyrirtækjum í ESB: Lokaskýrsla frá þriggja ára SESAME verkefninu*. Í boði á <https://osha.europa.eu/en/tools-and-publications/publications/safety-and-health-micro-and-small-enterprises-eu-final-report-3/view>
- EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu. 2019. *Virði vinnuverndar og samfélagslegur kostnaður af vinnutengdum slysum og sjúkdómum*. Í boði á <https://osha.europa.eu/is/publications/value-occupational-safety-and-health-and-societal-costs-work-related-injuries-and/view>.
- Ferrie, J. E., Shipley, M. J., Stansfeld, S. A. og Marmot, M. 2002. „Health effects of chronic job insecurity and change in job security on self-reported health, minor psychiatric morbidity, physiological measures and health related behaviours in British civil servants: The Whitehall II study“, *Journal of Epidemiology and Community Health*, 56(6), 450-454.

- Gereffi, G., Humphrey, J. og Sturgeon, T. 2005. „The governance of global value chains“, *Review of International Political Economy*, 12(1), 78-104.
- James, S. og Lloyd, C. 2008. „Too much pressure? Retailer power and occupational health and safety in the food processing industry“, *Work, Employment and Society*, 22(4), 713-730.
- James, P., Johnstone, R., Quinlan, M. og Walters, D. 2007. „Regulating supply chains to improve health and safety“, *Industrial Law Journal*, 36(2), 163-187.
- James, P., Walters, D., Sampson, H. og Wadsworth, E. 2015. „Regulating the employment dynamics of domestic supply chains“, *Journal of Industrial Relations*, 57(4), 526-543.
- James, P., Miles, L., Croucher, R. og Houssart, M. 2019. „Regulating factory safety in the Bangladeshi garment industry“, *Regulation & Governance*, 13(3), 431-444.
- Johnstone, R. 2011. „Dismantling worker categories: The primary duty of care and worker consultation, participation and representation in the model Work Health and Safety Bill 2009“, *Policy and Practice in Health and Safety*, 9(2), 91-108.
- Johnstone, R., Mayhew, C og Quinlan, M. 2001. „Outsourcing risk? The regulation of health and safety where subcontractors are employed“, *Comparative Labor Law and Policy Journal*, 22(3-5), 351-394.
- Johnstone, R., McCrystal, S., Nossar, I., Quinlan, M., Rawling, M. og Riley, J. 2012. *Beyond employment: The legal regulation of work relationships*, Federation Press, Sydney.
- ILO (Alþjóðavinnuástandstofnunin). 2006. „Occupational safety and health: Synergies between security and productivity“, ILO, Genf. Í boði á:
http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/@ed_protect/@protrav/@safework/documents/meetingdocument/wcms_110380.pdf
- ILO. 2015. *World employment and social outlook 2015: The changing nature of jobs*, ILO, Genf. Í boði á: http://www.ilo.org/global/research/global-reports/weso/2015-changing-nature-of-jobs/WCMS_368626/lang--en/index.htm
- ILO. 2017. *Food and agriculture global value chains: Drivers and constraints for occupational safety and health improvement – Volume one – Perspectives from relevant research areas*, ILO, Genf. Í boði á: https://www.ilo.org/global/topics/safety-and-health-at-work/resources-library/publications/WCMS_593280/lang--en/index.htm
- Lahari-Dutt, K. 2017. „Coal as national development in India“, in Nielsen, K. B. og Oskarsson, P. (ritstj.), *Industrialising rural India: Land, policy and resistance*, bls. 85-106, Routledge, London.
- Locke, R. 2013. *The promise and limits of private power: Promoting labour standards in a global economy*, Cambridge University Press, New York.
- Nenonen, N., Saarela, K.L., Takala J., Ling, L.S., Kheng I.G., Manickam K., Yong E. og Hämmäläinen, P. 2014. *Global estimates of occupational accidents and fatal work-related diseases in 2014. Workplace Safety and Health (WSH) Institute, Singapur.*
- Quinlan, M og Bohle, P. 2008. „Under pressure, out of control or home alone? Reviewing research and policy debates on the OHS effects of outsourcing and home-based work“, *International Journal of Health Services*, 38(3), 489-525.
- Quinlan, M., Mayhew, C. og Bohle, P. 2001. „The global expansion of precarious employment, work disorganisation, and consequences for occupational health: A review of recent research“, *International Journal of Health Services*, 31(2), 335-414.
- Reinecke, J., Donaghey, J., Bocken, N. og Lauriano, L. 2019. *Business models and labour standards: Making the connection*, Ethical Trading Initiative, London.
- Sako, M. 1992. *Prices, quality and trust: Inter-firm relations in Britain and Japan*, Cambridge University Press, Cambridge.
- Short, J. L. og Toffel, M. W. 2010. „Making self-regulation more than merely symbolic: The critical role of the legal environment“, *Administrative Science Quarterly*, 55(3), 361-396.
- Takala, J. 2015. „Eliminating occupational cancer“, *Industrial Health*, 53, 307-309.

- Takala, J., Hämäläinen, P., Saarela, K. L., Yun, L. Y., Manickam, K., Jin, T. W., Heng, P., Tjong, C., Kheng, L. G., Lim, S. og Lin, G. S. 2012. „Global estimates of the burden of injury and illness at work“, *Journal of Occupational and Environmental Hygiene*, 11, 326-337.
- Walters, D. 2016. „Labour inspection and health and safety in the EU: Special report“, *HESA Magazine*, 14, 12-17.
- Walters, D. og Bailey, N. 2013. *Lives in peril: Profit or safety in the global maritime industry?*, Palgrave Macmillan, Basingstoke.
- Walters, D. og James, P. 2009. Walters, D. og James, P. 2009. *Understanding the role of supply chains in influencing health and safety at work*, IOSH Wigston, Leicester.
- Walters, D. og James, P. 2011. „What motivates employers to establish preventive management arrangements within supply chains?“, *Safety Science*, 49(7), 988-994.
- Walters D., Wadsworth E. og Bhattacharya S. 2020. „What about the workers? Experiences of arrangements for safety and health in global container terminals“, *Safety Science*, 121, 474-484.
- Weil, D. 2014. *The fissured workplace: Why work became so bad for so many and what can be done to improve it*, Harvard University Press, Boston, MA.
- Wright, C. og Lund, J. 2003. „Supply chain rationalization: Retailer dominance and labour flexibility in the Australian food and grocery Industry“, *Work, Employment and Society*, 17(1), 137-157.

Höfundar: David Walters (School of Social Sciences Cardiff University) og Phil James, (Middlesex University)

Verkefnisstjórn: Annick Starren, Emmanuelle Brun, Vinnuverndarstofnun Evrópu, (EU-OSHA), 2020.

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) fól viðkomandi aðilum gerð þessarar greinar. Innihald hennar, þar á meðal skoðanir og/eða niðurstöður, er einungis á ábyrgð höfundanna og endurspeglar ekki endilega skoðanir Vinnuverndarstofnunar Evrópu (EU-OSHA)

Þýðing á vegum Þýðingarmiðstöðvarinnar (CdT, Lúxemborg) sem byggir á enskum frumtexta.